

Um 3.

Stefnandi hefur engin skjöl lagt fram, er sýni, að hann hafi greitt þessa upphæð. Verður krafan undir þessum lið ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.650,00.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur H. Ingimarsson, greiði stefnanda, Magnúsi G. Vilmundarsyni, kr. 47.307,52 með 6% ársvöxtum frá 4. febrúar 1958 til greiðsludags og kr. 3.650,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. janúar 1959.

Nr. 190/1958. Þorvaldur Steinason

gegn

Finnboga Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. desember 1958, sem barst Hæstarétti 19. s. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði dóms, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Akraness 10. s. m. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði svo og kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinu kærða málskostnaðarákvæði og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja málskostnað í héraði, er ákveðst kr. 500,00. Þá ber og að dæma sóknaraðilja kr. 400,00 í kærumálskostnað úr hendi varnaraðilja.

Dómsorð:

Varnaraðili, Finnbogi Guðmundsson, greiði sóknaraðilja, Þorvaldi Steinasyni, kr. 500,00 í málskostnað í héraði og kr. 400,00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 10. desember 1958.

Með stefnu, út gefinni 26. júlí 1956, höfðaði stefnandi, Finnbogi Guðmundsson, Bárugötu 18, Akranesi, mál þetta gegn Þorvaldi Steinasyni, þá til heimilis sama stað. Í málinu gerði stefnandi þær dómkröfur, að viðurkenndur yrði með dómi eignaréttur hans að forstofu og stigagangi að íbúð hans á efri hæð hússins Bárugötu 18 og að stefndi ætti engan umferðarrétt að eða um greinda forstofu né stigagang. Þá krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krafðist í greinargerð algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Hinn reglulegi dómari, Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti, vók sæti í máli þessu með úrskurði, upp kveðnum 22. ágúst 1956, og var Gunnar Jónsson hdl. skipaður til þess sem setudómari að fara með og dæma mál þetta. Hefur hann og kveðið upp dóm þenna.

Setudómari þingaði fyrst í máli þessu 30. ágúst 1956. Kom þá fram krafa frá lögmanni stefnda um, að setudómari viki sæti í málinu. Dómarinn kvað upp úrskurð um það atriði 6. september 1956, þar sem hann neitaði að víkja sæti. Lögmaður stefnda kærði þann úrskurð til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 2. okt. 1956, var nefndur úrskurður staðfestur.

Eftir uppkvaðningu nefnds dóms Hæstaréttar innti dómariinn lögmann stefnanda nokkrum sinnum eftir áframhaldi málsins, en lögmaður tjáði dómaranum, að hann vissi ekki betur en ekkert yrði frekar úr málinu, þar sem samkomulag væri orðið um þau atriði, sem um væri deilt í málinu.

Lögmaður stefnda hafði aldrei samband við dómaraann, eftir að nefndur hæstaréttardómur var upp kveðinn, fyrr en með bréfi til dómarans, dags. 13. okt. 1958, að hann óskaði eftir, að málið yrði tekið fyrir til áframhaldandi gagnaöflunar eða munnlegs flutnings.

Málið var svo tekið fyrir 8. des. 1958. Kom þá fram krafa frá lögmanni stefnanda, að málið yrði hafið. Samþykkti lögmaður stefnda það, en gerði kröfu til, að stefnandi yrði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Lögmaður stefnanda mótmælti málskostnaðarkröfu stefnda á þeim grundvelli, að umbjóðandi sinn hefði tjáð sér, að fullt samkomulag væri komið á milli hans og eiganda þess, er þá var orðinn að neðri hæð hússins Bárugötu 18. Lögmaður stefnda hafi aldrei talað við sig um áframhald málsins og tjáð sér, að stefndi hefði engan áhuga á að fá efnisdóm, ef eigendur hússins gætu komið sér saman um afnot gangsins, sem um var deilt. Telur lögmaður stefnanda, að það samkomulag hafi komið á.

Lögmaður stefnda telur umbjóðanda sinn eiga rétt á málskostnaði. Hann kveðst hafa tjáð lögmanni stefnanda, að umbjóðandi sinn vildi falla frá málskostnaðarkröfu í máli þessu, ef stefnandi vildi hefja málið, að því tilskildu, að núverandi eigendur hússins kæmu sér saman um skiptingu og notkun þess. Nú sé hins vegar komið í ljós, að mikill ágreiningur sé milli núverandi eigenda um atriði það, sem deilt sé um í máli þessu.

Samkvæmt framanrituðu ber að hefja mál þetta.

Eftir málsatvikum, eins og þeim er lýst hér að framan, þykir stefndi ekki eiga rétt á málskostnaði þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Málskostnaður falli niður.
